



# Minnisblað

Móttakandi: Sveitarfélög

Dags.: 4. júlí 2024

Sendandi: Samband íslenskra sveitarfélaga

## Efni Gjaldfrjálssar skólamáltíðir

Í samræmi við 23. gr. laga nr. 91/2008 um rekstur grunnskóla þá skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við næringarráðleggingar Embættis landlæknis (áður kallað opinber mannelismarkmið). Þá er sveitarfélögum heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja og hafa flest sveitarfélög nýtt sér þá heimild og innheimt gjald sem að meðaltali hefur staðið undir 40% hluta af kostnaði fyrir framleiðslu máltíða fyrir grunnskólabörn.

Við nýafstaðin þinglok Alþingis var samþykkt frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem snýr einkum að gjaldfrjálsum skólamáltíðum í grunnskólum landsins. Lögin má rekja til sameiginlegrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. mars sl. sem hafði það að markmiði að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði.

Lögin kveða á um að við tekjur Jöfnunarsjóðs bætist, á árunum 2024-2027, árlegt framlag úr ríkissjóði sem Jöfnunarsjóður úthlutar til þeirra sveitarfélaga sem bjóða öllum nemendum upp á gjaldfrjálssar skólamáltíðir í grunnskólum. Fjárhæðin er ekki fastsett í lögnum heldur verður hún ákvörðuð í fjárlögum ár hvert. Sambandið hefur lagt mikla áherslu á að upphæðin verði uppfærð árlega til að forsendur um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga haldist út tímabilið. Alþingi tók undir þá kröfu Sambandsins og í nefndaráliti með lögnum er áréttað að við fjárlagagerð næstu ára beri að taka mið af sameiginlegri yfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga frá 7. mars sl. enda væri um forsendubrest að ræða ef gerðar yrðu breytingar á framlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð vegna verkefnisins sem byggðust ekki á sömu sjónarmiðum og fram koma í umræddri yfirlýsingu.

Fyrirkomulagið verður þannig að framlagið skal skiptast hlutfallslega milli sveitarfélaga eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar skólaárið á undan og greiðist mánaðarlega til sveitarfélaga frá 1. ágúst 2024 til loka skólaárs 2027, að undanskildum júlímánuði ár hvert. Komi ekki til úthlutunar til sveitarfélags á grundvelli ákvæðisins skal reiknað framlag Jöfnunarsjóðs til viðkomandi sveitarfélags, endurgreitt ríkissjóði.

Fjárhæðin sem ákveðin hefur verið fyrir fyrstu fjóra og hálfan mánuð af skólaári 2024-2025 verður 1.725 milljónir sem skiptist við fjölda barna (á aldri 6 ára - 15 ára) skv. Hagstofu Íslands þann 1. janúar 2024. Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs hefur ekki tekið skiptinguna fyrir en drög að skiptingu fjármagns fylgir með í viðauka I, ykkur til upplýsinga.

Skipaður verður 4 manna vinnuhópur, sem í sitja tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem leggi mat á nýtingu og áhrif gjaldfrjálsra skólamáltíða. Meðal annars skal meta áhrif á markmið um að auka jöfnuð og draga úr fátækt meðal barna, hvort allir árgangar nýti sér gjaldfrjálsar skólamáltíðir og hver sé ávinningur einstakra sveitarfélaga og landshluta. Þá skal meta reynslu og ánægju nemenda og foreldra. Niðurstaða hópsins skal liggja fyrir eigi síðar en 30. júní 2025.

Í þessu samhengi vill Sambandið áréttta mikilvægi þess að hvert og eitt sveitarfélag haldi vel utan um þann kostnað sem til fellur hjá hverju þeirra vegna þessa málaflokks sem og þann fjölda nemenda sem munu nýta sér gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Samkvæmt sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar og Sambandsins á framlag ríkisins að meðaltali að jafngilda 75% af því sem foreldrar hefðu áður greitt. Að ári liðnu mun framangreindur vinnuhópur kalla eftir þeim upplýsingum.

Sambandið vonast til þess að fyrirkomulagið við gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum gangi vel fyrir sig og til að tryggja áreiðanlega upplýsingagjöf varðandi málaflokkinn, eru lagðir til eftirfarandi þættir í útfærslu, sem gott er að hafa í huga:

- Mikilvægt er að foreldrar þeirra nemenda sem óska eftir að þiggja gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum skrái börn sín í mataráskrift svo hægt sé að sjá, að ári hver raunverulegur fjöldi þessara nemenda er. Við þessa skráningu geta sveitarfélög upplýst foreldra um raunkostnað við málaflokkinn, kjósi þau það.

- Foreldrar skulu tilgreina mikilvægar upplýsingar í skráningunni líkt og dagaval, sérþarfir nemenda (vegan, grænmetisfæði, óþol ofl.).
- Að hvert og eitt sveitarfélag haldi utan um þann kostnað sem fellur til vegna þessa málaflokks til að hægt verði að meta raunkostnað.

Hugmyndafræðin að baki gjaldfrjálsra skólamáltíða er að tryggja grunnskólabörnum landsins aðgengi að góðum og hollum hádegisverði óháð fjárhagslegri stöðu foreldra og leggur þannig ríkari áherslu á jafnara samfélag fyrir alla. Málaflokkurinn fylgir ákveðnum lýðheilsu sjónarmiðum sem nær til heilsuverndar og forvarna og miðar að því að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður einstaklinga, þjóðfélagshópa og þjóðarinnar í heild með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu. Vísað er til handbókar fyrir grunnskólamötuneyti frá Embætti landlæknis.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum þá er velkomið að hafa samband.